

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs í Mosfellsbæ.

1. gr.

Innheimt er gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá heimilum í Mosfellsbæ eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjöldin samanstanda af breytilegum og föstum kostnaði vegna hirðu og losunar sveitarfélagsins og er ætlað að standa undir öllum kostnaði tengdum meðhöndlun heimilisúrgangs.

Breytilegu gjaldi, byggt á lítrafjölda hvers íláts, er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu, förgun og öðrum kostnaði í tengslum við sorphirðuna.

Fast gjald er gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva sem er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

3. gr.

Gjald fyrir blandaðan úrgang – hirðutiðni á 14 daga fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
1B	240 l tunna	57.710
1E	660 l kar	158.701
1F	2.000 l djúpgámur	480.913
1G	4.000 l djúpgámur	961.825
1H	5.000 l djúpgámur	1.202.281

Gjald fyrir matarleifar (lífúrgang) – hirðutiðni á 14 daga fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
2A	140 l tunna	16.039
2F	2.000 l djúpgámur	229.134

Gjald fyrir tvískipta tunnu blandaðs úrgangs og matarleifa – hirðutiðni á 14 daga fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
3C	240 l tvískipt tunna	45.624

Gjald fyrir pappír/pappa – hirðutiðni á 21 dags fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
4B	240 l tunna	6.979
4E	660 l kar	19.193
4F	2.000 l djúpgámur	58.161
4G	4.000 l djúpgámur	116.321
4H	5.000 l djúpgámur	145.402

Gjald fyrir plastumbúðir – hirðutiðni á 21 dags fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
5B	240 l tunna	7.074
5E	660 l kar	19.454
5F	2.000 l djúpgámur	58.950
5G	4.000 l djúpgámur	117.901
5H	5.000 l djúpgámur	147.376

Gjald fyrir tvískipta tunnu pappír/pappa og plastumbúðir* – hirðutiðni á 21 dags fresti

Gjaldaflokkur nr.	Tegund íláta	Gjald kr./ílát á ári
6C	240 l tvískipt tunna	7.017

* Ath. aðeins í boði fyrir fámenn sérbyli (1-2 íbúa)

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva

Gjaldaflokkur nr.	Tegund þjónustu	Fast gjald kr. á íbúð
7	Rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva	25.353

Aðrir gjaldaliðir**Umsýslugjald fyrir breytta samsetningu íláta**

Gjaldaflokkur nr.	Tegund þjónustu	Gjald kr./skipti
8	Breyting á samsetningu íláta vegna sorphirðu	3.300

4. gr.

Aukalosun er á ábyrgð heimilanna. Íbúum er bent á að leita til þjónustuaðila ef óskað er eftir losun á milli sorphirðudaga.

5. gr.

Í fjöleignarhúsum, með sameiginleg ílát fyrir úrgang, er gjöldum vegna meðhöndlunar heimilisúrgangs skipt eftir hlutfallstölum, þ.e. þeim eignarhluta sem viðkomandi íbúðareigandi á í heildarhúseigninni, sbr. lög um fjöleignarhús.

6. gr.

Gjöld skv. 3 gr. eru innheimt samhliða fasteignagjöldum. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Sveitarfélagið annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 862. fundi 4. desember 2024 með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 1491/2023.

Mosfellsbæ, 4. desember 2024.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.